

1858.
23. janúar.

ispenínga fyrir að mæta í rétti, og ef svo er, þá um upp-
hæð á þessu.

Þessu til svars læt eg ekki hjá líða til þóknanlegrar vit-
undar að skýra yður frá:

við 1) að í málum þeim, sem hér ræðir um, ber að greiða bæði
sættanefndarmönnum og stefnuvottum borgun þá, sem
þeim í lögum er áskilið, smbr. tilskipun 20. janúar 1797
gr. 24. og 40, opið bréf 6. apríl 1827 og tilskipun 21.
desember 1831 III 1. gr.; þarhjá má gjalda stefnuvott-
um ferðakostnað, samkvæmt ákvörðunum í 63. gr. í auka-
tekjureglugjörð 10. september 1830;

við 2) samkvæmt rentukammerbréfum 28. marz 1846 og 19.
júní 1847 geta umboðshaldarar hvorki reiknað sér ferða-
kostnað né fæðispenínga á ferðum sínum til sættafund-
arins.

við 3) dómarrar geta hvorki heimt borgun fyrir rættarhald né
fyrir skriptir, smbr. 13. gr. í aukatekjureglugjörð 10.
september 1830 og rentukammerbréf 19. febrúar 1842 í
niðurlagi.

við 4) hvað upphæð fæðispenínga snertir, þá skal fara eftir regl-
um þeim, sem gefnar eru í kansellíbréfi 9. júní 1838;

við 5) þegar þannig er ástatt hafa umboðshaldarar ekki rétt á að
heimta ferðakostnað eða fæðispenínga, en samkvæmt rentu-
kammerbréfum 28. marz 1846 og 19. júní 1847 eiga
þeir kost á að fá endurgjald fyrir kostnað þann, sem þeir
beinlínis hafa haft, og skal amtmaður þá meta endurgjald
þetta.

13. febrúar.

3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt- mannsins og biskupsins á Íslandi um afsalsbréf til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir jörðinni Hlíðarhúsum.

Dómsmálastjórnin hefir sent hingað bréf frá herra stipt-
amtmaninum og yður, háæruverðugi herra! 26. febrúar f. á.,

í hverju þér hafið bedið um úrskurð fyrir því, hvort jörðin 1858.
Hlíðarhús, sem liggur við Reykjavík, ásamt hjáleigunni Ánanaust- 13. febrúar.
um, samkvæmt konungs úrskurði 24. febrúar 1835 megi álitast
að vera fengin Reykjavíkur kaupstað með fullum eignarrétti.

Um leið og dómsmálastjórnin sendi mál þetta, gat hún
þess, að menn verða að álíta það vafalaust, að jörð þessa eigi
að brúka til þess að gjöra Reykjavíkurbæ stærri, samkvæmt
reglum þeim, sem um þetta eru gefnar í nefndum konungsúr-
skurði. Dómsmálastjórnin hefir þarhjá látið þá meiningu í ljósi,
að varla verði sagt að jörðin sé orðin eign bæjarins, meðan ekki
sè gefið löglegt afsalsbréf fyrir henni, en að presturinn á hinn
bóginn ekki geti haft á móti því að þetta nú sé gjört, þarð
optnefndur konungs-úrskurður, sem veitti bænum eignarrétt yfir
jörðinni við fyrstu brauðaskipti í prestakallinu, bæði hefir verið
auglýstur presti þeim, sem þá þjónaði í brauðinu, og þarhjá
einnig er þínglesinn í þeirri þínghá, sem jörðin var lögð undir.

Þar eg nú að öllu verð að fallast á þessa meiningu dóms-
málastjórnarinnar, vil eg samkvæmt beiðni hennar biðja herra
stiptamtmanninn og yður, háæruverðugi herra! um að skipa
prestinum til Helgafells prestakalls, Ólafi Thorberg, með löglegu
afsalsbréfi eptir honum gefnu uppkasti að afhenda Reykjavíkur
kaupstað til eignar tæða jörð með hjáleigunni, með skilmálum
þeim sem til er tekið í optnefndum konungs-úrskurði 24.
febrúar 1835.

Þegar þessu er aflokið, vonast eg eptir að fá skýrslu um
það frá yður.
